



Starfsumhverfi styrktarþjálfara (STU2005)

Heilsuakademía

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er markmiðið að auka skilning nemandans á faglegu umhverfi styrktarþjálfunar m.a. með því að kanna uppruna og þróunar á starfsumhverfi styrktarþjálfara. Farið verður í að skoða faglegt umhverfi styrktarþjálfar með tilliti til hlutverka og ábyrgðar. Skoðuð verða starfstengd verkefni, vinnuumhverfi og atvinnutækifæri. Einnig verður farið í vöxt og uppbyggingu starfsgreinarinnar og mikilvægi hennar úti á atvinnumarkaðinum. Siðferðislegar skyldur þjálfara eru ræddar og fjallað um aðstæður sem geta komið upp í starfi styrktarþjálfara sem reyna á siðferðislegar skyldur þeirra.

Einingafjöldi: 5 framhaldsskólaeiningar (5 feiningar)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Sögu og uppbyggingu styrktarþjálfunar
- Verkefnagreiningu styrktarþjálfara
- Hvar viðeigandi er að nota starfæna styrktarþjálfun í grunnþjálfun íþróttafólks úr frá þarfagreiningu íþróttarinnar.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Afmarka lykilhlutverk og skyldur styrktarþjálfara
- Skoða og bera saman efni á blogg, vef- og samfélagsmiðlum við vísindalega þekkingu.
- Finna sinn sess innan styrktarþjálfaraumhverfisins

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Metið hin ýmsu tækifæri fyrir styrktarþjálfara héraendis og erlendis
- Styðjast við niðurstöður vísindalegra rannsókna við vinnu sína
- Vera gagnrýnin í hugsun og geta lestið fræði- og rannsóknagreinar sem settar eru fram í alþjóðlegu umhverfi

Námsmat áfangans: Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Námsmat tekur til allra þátta námsins m.t.t. þekkingar, leikni og hæfni nemandans. Námsmat er í formi hlutaprófs og verkefna. Lágmarkseinkunn er 7.